

Gjaldskrá heimþjónustu

Útreikningar á gjaldtöku fyrir heimþjónustu miðast við tekjur heimilisins.

Upphæðir á gjaldskrá miðast annars vegar við grunnframfærslu einstaklings samanber reglur sveitafélagsins um fjárhagsaðstoð og hins vegar við atvinnuleysisbætur. Þegar um sambýlissólk er að ræða þá er upphæð margfölduð með 1,6

Húsaleigubætur skulu ekki taldar til tekna þegar gjaldtaka fyrir heimþjónustu er ákvörðuð. Ef lausafjáreignir allra sem búa á viðkomandi heimili fara yfir 2.000.000 kr skal 75 % umframeigna lausafjár leggjast ofan á árstekjur. Viðmiðunarupphæð lausafjáreigna skal taka mið af breytingum vísitölu neysluverðs sem reiknast frá 1. ágúst 2009 og uppreiknast um áramót. Upphæð greiðslna er hlutfall af lágsta tímakaupi starfsmanna í félagslegri heimþjónustu samkvæmt launatöflu AFL - Starfsgeinafélags Austurlands sem tók gildi 1. júlí 2009 Deilitala dagvinnutímakaups er 0,615 % af launaflokki 115, 1 þrep sem nú er **946.-kr** á klst.

Ef þjónustuþegi fær þjónustu í fleiri en 4 klst á viku x 4,33 vikur = 17,2 klst á mánuði er hægt að sækja skriflega um lækkun til Félagsmálanefndar og skal það metið.

Gjaldskrá

Mánaðartekjur Mismunur er x 1,6 hjá hjónum.

Einstaklingar		Hjón		Gr. pr. klst	
0 -	118.251	0-	189.202	0%	Raunk. Tímakaups - kr.
118.251	149.523	189.202	239.237	50%	Raunk. Tímakaups 473 kr.
149.523	og hærra	239.237	og hærra	100%	Raunk. Tímakaups 946 kr.

Gjaldskrá samþykkt á fundi félagsmálanefndar 24. ágúst 2009

Gjaldskrá tekur gildi 02. september 2009 og kemur til framkvæmdar 15. október 2009